



## Fundargerð stjórnar LSS

<b>Fundarstjóri:</b> Stefán Pétursson, formaður LSS.	<b>Fundur nr. 261</b>
<b>Fundarritari:</b> Hermann Sigurðsson	<b>Reykjavík, 12.01.18</b>
<b>Mættir:</b> Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS. Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS. Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS. Jón Pétursson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna. Lárus Steinþór Björnsson, varaformaður LSS. Magnús Smári Smáráson, ritari LSS, á Skype, undir lið 1-8. Stefán Pétursson, formaður LSS.	<b>Fundarstaður:</b> <b>Brautarholt 30 105 Reykjavík</b>  <b>Frá kl. 10:04</b>  <b>Til kl. 13:01</b>
<b>Fjarverandi:</b>  Njáll Pálsson, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna. Pétur Arnarsson, formaður fagdeildar slökkviliðsstjóra.	

### Dagskrá:

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1.	<b>Setning</b> SP setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	SP
2.	<b>Fundargerð síðasta fundar</b> Samþykkt. Lögð var fram fundargerð ritnefndar LSS	SP
3.	<b>Inntaka nýrra félaga</b> Í samskiptum við lögfræðing BSRB þá heimila lög LSS ekki að aukaaðilar geti greitt í tryggingasjóð án þess að vera fullgildir meðlimir félagsins. Þarf að setja inn í lög félagsins varðandi aukaaðild. Verður sett af stað ferli varðandi félagsgjöld, eftirlit með fjölda þeirra sem byrja/hætta.	SP
4.	<b>Starfið á milli funda</b> Formaður fór yfir starf sitt á milli funda: <ul style="list-style-type: none"><li>• Neyðarþjónusta vegna verkfalla. Listi yfirfarinn frá Sauðárkróki og SHS og þeir samþykktir.</li><li>• Viðrunarfundur á Kirkjubæjarklaustri vegna rútuslyss í Eldhrauni.</li><li>• Sjónvarpsviðtal vegna utanspítalabjónustu á Íslandi.</li><li>• Undirbúningur fyrir heimsókn stjórnar á deildarfundi LSS.</li><li>• Fundur með fulltrúa fagráðs Brunamálaskólans.</li><li>• Undirskrift afsals vegna bústaða í Munaðarnesi.</li></ul>	Allir SP



- Samskipti við félagsmenn.

Framkvæmdastjóri lagði fram stjórnaryfirlit frá starfsmönnum um þeirra störf vegna desembermánuðar. Yfirlitið var sett á heimasíðu félagsins og sent á fulltrúa þess ásamt fundargerðum síðustu tveggja funda.

Fagdeild sjúkraflutningamanna. NP sendi minnisblað til stjórnar um helstu málefni sem fagdeild sjúkraflutningamanna er að sinna í dag.

- Ályktun var ítrekuð og send á Heilbrigðisráðuneytið vegna stöðu sjúkrabíla. Greinar birtust á samfélagsmiðlum, viðtal var við NP í útvarpi og SP í sjónvarpi. Búið er að óska eftir fundi með ráðherra vegna málaflokksins í heimld
- Fundur með Sigrúnu Stefánsdóttur, PR ráðgjafa LSS og farið yfir helstu málefni fagdeildar sjúkraflutningamanna og gerð drög að fjölmiðlaáætlun. Hugmyndin er að fylgja eftir fundi með BSRB um að kynna utanspítalaþjónustu fyrir helstu hagsmunaaðilum.
- Vinna að drög að reglugerð um sjúkraflutninga á Íslandi og vettvangsliða.
- Fundað var með podcast liðum og hugmyndin útfærð.
- Fundað var með yfirlækni utanspítalaþjónustu LSS og framkvæmdastjóra LSS.
- Fyrirhugaður Skypefundur í „International paramedic“ samtökunum. Samtök sem Ísland er stofnaðili að ásamt Kanada, Tyrklandi og Skotlandi.
- Halda áfram ýta á kennslubílamálið.

JP: búið að funda með fagdeildinni. Hann mun senda fundargerð til stjórnar. Stefnt er að ráðstefnu fljótlega. Stefnt er að halda ráðstefnu 2019.

LSB. Undirbúa og ferla upp þing LSS. Hann leiðir undirbúningsvinnuna í samstarfi við starfsfólk LSS. Átti fund með samráðsnefnd.

MSS. Undirbúa lagabreytingar, vinna með starfsreglur stjórnar, siðareglur stjórnar og búa erindisbréf fyrir félagsmenn sem eru í ábyrgðarhlutverkum fyrir sambandið. Óskar eftir að fá samþykki stjórnar fyrir því að Anton Berg verði með honum í starfi í þessu máli ásamt að fá Sverri Björn og Sveinbjörn með til umsagna. Vægi atkvæða mun Gunnar í Grindavík koma að.

ÁÞ. Kom 12. mánaða uppgjöri og fjármálum fyrir stjórnarfund ásamt fylgigögnum úr tryggingasjóði. Stjórn kvittaði undir pappíra þannig að ÁÞ fengi endurskoðunarreikning að öllum bankareikningum félagsins.



<p><b>5.</b></p>	<p><b>Landsþing LSS</b> Undirbúningur fyrir þingið er hafið. Lagður var fram tékklisti um helstu verkefni fram undan.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- LSB og GH er falið að senda út bréf til trúnaðarmenn LSS. Í bréfi til fulltrúa er fjöldi atkvæða tekið fram. Lagt var til að óska eftir efni til ræða á þingingu. Formönnum falið að hringja á eftir bréfinu í trúnaðarmenn.</li> <li>- Landsþing LSS. LSB lagði fram tillögu að dagsetningu og staðsetningu þingsins, GH mun kanna málið.</li> <li>- Þarf að skipa tvær nefndir, uppstillinganefnd og kjörnefnd. Þrír í hvorri nefnd. MSS ætlar að ræða við Ólaf Stef í uppstillinganefnd. LSB kemur með tillögur sem stjórn samþykkir í tölvupósti fyrir mánaðarmót jan/feb</li> <li>- MSS vinnur að lagabreytingum, fór yfir þær munnlega og kynnir á næsta fundi.</li> <li>- Stefnt er að því að senda eina ályktun eftir þingið en ekki þann fjölda sem hefur verið. Leggja þá frekari áherslu á eina ályktun og koma henni í farveg.</li> </ul>	<p>LSB</p>
<p><b>6.</b></p>	<p><b>Fjármál - 11 mánaða uppgjör og staða sjóða.</b> Farið var yfir sjóðsstöðu félagsins. Staða félagsins er í jafnvægi. Skoðað var hlutfall þeirra sem eru í fullu starfi vs þeir sem eru hlutastarfandi.</p>	<p>ÁP</p>
<p><b>7.</b></p>	<p><b>Kjaramál</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Ný mál: 9 skráð</li> <li>2. Mál í vinnslu: 9 skráð</li> <li>3. Málum lokið: 4 skráð</li> </ol>	<p>SP/LS B</p>
<p><b>8.</b></p>	<p><b>Heimsókn stjórnar til deilda LSS</b> SP kynnti fyrirkomulag á heimsókn stjórnar til deilda LSS. Markmiðið er að kynna félagið og áherslur þess og fara yfir helstu málefni fyrir næsta þing LSS. SP lagði fram drög að dagskrá og var hún samþykkt. Helstu atriði fundana yrði; Lagabreytingar, mannbreytingar, starfsreglur stjórnar, Áskorun stjórnar LSS og trúverðuleiki þess á meðal félagsmanna. Samþykkt var að heimsækja allar deildir LSS fyrir lok mars. Formönnum falið að undirbúa fundinn</p>	<p>SP</p>
<p><b>9.</b></p>	<p><b>Starfsreglur stjórnar</b> SP stýrði umræðum um starfsreglur og starfshætti stjórnar. Haldið var áfram með vinnu síðasta fundar. Síðareglur frá síðasta þingi LSS voru kynntar. Starfsreglurnar voru samþykktar og verða kynntar í heimsóknum stjórnar til deilda LSS ásamt síðareglum. Ákveðið var að skrifstofa bókaði tíma fyrir þá sem vilja hitta formann á skrifstofu.</p>	<p>SP</p>



<b>10.</b>	<b>Önnur mál</b> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Podcast hugmynd. Stjórn samþykkir að veita styrk í verkefnið skv. kostnaðaráætlun í þrjú skipti og endurmeta stöðuna út frá endurmati. Samþykkt 50.000.-krónur.</li><li>2. Krabbameinsráðstefnan. Lögð var fram dagskrá og fjárhagsáætlun ráðstefnunnar. Stjórn tekur fyrir fjárhagsbeiðni krabbameinsnefndar um styrk að upphæð 1M og gistingu fyrir nokkra skipuleggjendur. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun, dagskrárrammann og styrk að allt að 1M í verkefnið ásamt gistingu í orlofsíbúð. Lögð er mikil áhersla á að verkefnið fari ekki fram úr kostnaðaráætlun. Stjórn óskar skipuleggjendum góðs gengis.</li><li>3. Trúnaðarmannanámskeið. BSRB birti dagsetningar og setti fram nýtt fyrirkomulag á trúnaðarmannanámskeiðum. SP/LSB er falið að koma námskeiðum á framfæri á meðal fulltrúa LSS.</li><li>4. Fagrað Brunamálaskólans. Stefnumótun Brunamálaskólans ásamt helstu áherslum hans lögð fram til upplýsingar.</li><li>5. Prókúra fyrir framkvæmdastjóra og gjaldkera fyrir skoðunaraðgang reikninga og umsókn fyrir kreditkort fyrir framkvæmdastjóra var samþykkt og gögn undirrituð.</li><li>6. Fæðingarorlof framkvæmdastjóra. Er í fríi í janúar.</li><li>7. Áskorun vegna sjúkraflutninga á Raufarhöfn. NP lagði fram drög að ályktun og var SP/NP/MSS að renna yfir hana. Að því loknu er HS falið að koma henni á framfæri.</li><li>8. Varaformanni var falið draga út verðlaun í Eldvarnargetrauninni fyrir lok janúar.</li><li>9. Umræða var með fv. slökkviliðsmenn og styrkveitingar úr sjóðum LSS. Óskað var eftir skriflegu erindi sem hægt væri að taka fyrir.</li><li>10. Farið var yfir stöðu mála á tjóni á sumarbústaðinum í Munaðarnesi. Verið að biðja eftir svari frá Sjóvá. Ákveðið var biðja Orlofsnefnd um að fá aðila til að verkið að sér og skila inn kosnaðaráætlun.</li><li>11. Óskað var eftir kynningu á reglum og þeim breytingum á Starfsmenntasjóði frá Eyþóri formanni.</li></ol> <p>Fleira ekki tekið fyrir og fundi er slitið kl. 13.01 Næsti fundur stjórnar er 7. febrúar kl:9.00 Fundargerð ritaði HS.</p>	Allir
------------	---	-------